RÍKISENDURSKOÐUN

# Matís ohf.

## Ársreikningur árið 2015

Matís ohf.
Vínlandsleið 12
113 Reykjavík
Kt. 670906-0190

# Efnisyfirlit


| | bls. | | bls. |
|---|---|---|---|
| Skýrsla og áritun | 3 | Efnahagsreikningur | 6-7 |
| Áritun endurskoðenda | 4 | Yfirlit um sjóðstreymi | 8 |
| Rekstrarreikningur | 5 | Skýringar | 9-13 |

# Skýrsla og áritun stjórnenda á ársreikninginn

Félagið var stofnað á árinu 2006 á grundvelli laga nr. 68 frá árinu 2006. Matís er þekkinga- og rannsóknafyrirtæki sem vinnur að þróun og nýsköpun í matvælaiðnaði, líftækni og matvælaöryggi. Matís veitir ráðgjöf og þjónustu til fyrirtækja í sjávarútvegi og landbúnaði, sem og íslenska ríkinu. Matís kemur að þróun á nýjum vörum og ferlum fyrir fyrirtæki og hefur mikilvægu hlutverki að gegna varðandi gæði og öryggi matvæla.

Hagnaður varð af rekstri félagsins fyrir árið 2015 að fjárhæð kr. 29,1 milljónir samkvæmt rekstrarreikningi. Þann 31. desember 2015 námu heildareignir félagsins kr. 1.007,4 milljónum og bókfært eigið fé nam kr. 282,9 milljónum samkvæmt efnahagsreikningi.

Stjórn félagsins leggur til að ekki verði greiddur arður á árinu 2016 vegna ársins 2015, en vísar að öðru leyti til ársreikningsins um ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á bókfærðu eigin fé félagsins á árinu.

Hlutafé félagsins nemur 150 millj. kr. og er allt í eigu ríkisins.

Stjórn Matís ohf. og forstjóri staðfesta hér með ársreikninginn fyrir árið 2015 með undirritun sinni.

Reykjavík, 7. júní 2016

Í stjórn Matís ohf:

Forstjóri:

RÍKISENDURSKOÐUN

# Áritun endurskoðenda

Til stjórnar og hluthafa

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Matís ohf. fyrir árið 2015. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

***Ábyrgð stjórnar og forstjóra***

Stjórn og forstjóri eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Samkvæmt því ber þeim að skipuleggja og innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka. Ábyrgð þeirrra nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og mati miðað við aðstæður.

***Ábyrgð endurskoðenda***

Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju og ákvæði laga um Ríkisendurskoðun. Samkvæmt því ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáist um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðunin felur í sér aðgerðir til að staðfesta fjárhæðir og aðrar upplýsingar í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri áhættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér mat á þeim reikningsskila- og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina hafi verið aflað nægjanlegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

***Álit***

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Matís ohf. á árinu 2015, efnahag þess 31. desember 2015 og breytingu á handbæru fé á árinu 2015, í samræmi við lög um ársreikninga.

***Staðfesting vegna skýrslu stjórnar***

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga, staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Ríkisendurskoðun, 7. júní 2016

Sveinn Arason
ríkisendurskoðandi

Karlotta B. Aðalsteinsdóttir
endurskoðandi

# Rekstrarreikningur fyrir árið 2015

| | Skýr. | 2015 | 2014 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrartekjur:** | | | |
| Seld þjónusta | 1 | 1.584.729.762 | 1.430.088.934 |
| **Rekstrargjöld:** | | | |
| Laun og tengd gjöld | 2 | 874.995.543 | 797.289.568 |
| Annar rekstrarkostnaður | | 579.838.154 | 543.971.744 |
| Afskriftir | 7 | 90.506.832 | 59.617.059 |
| | | 1.545.340.529 | 1.400.878.371 |
| Rekstrarhagnaður fyrir fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) | | 39.389.233 | 29.210.564 |
| Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) | 3 | ( 2.967.945) | 3.853.121 |
| Rekstrarhagnaður fyrir tekjuskatt | | 36.421.288 | 33.063.685 |
| Tekjuskattur | | ( 7.287.818) | ( 6.616.617) |
| **Rekstrarhagnaður ársins** | | 29.133.470 | 26.447.068 |
| **EBITDA** | | 129.896.065 | 88.827.623 |
| **Hagnaðarhlutur:** | | | |
| Hagnaður á hverja krónu hlutafjár | 4 | 0,19 | 0,18 |

# Efnahagsreikningur

## Eignir

| | Skýr. | 31.12.2015 | 31.12.2014 |
|---|---|---|---|
| **Fastafjármunir:** | | | |
| Óefnislegar eignir: | | | |
| Hugbúnaður | | 1.306.992 | 3.032.894 |
| | 5 | 1.306.992 | 3.032.894 |
| Varanlegir rekstrarfjármunir: | | | |
| Rannsóknartæki | | 212.329.715 | 283.285.611 |
| Áhöld og tæki | | 2.828.346 | 1.829.058 |
| Innréttingar | | 3.428.229 | 5.077.889 |
| | 6 | 218.586.290 | 290.192.558 |
| Áhættufjármunir og langtímakröfur: | | | |
| Eignarhlutir í dótturfélögum | | 750.000 | 750.000 |
| Eignarhlutir í öðrum félögum | | 720.000 | 720.000 |
| Skuldabréfaeign | | 0 | 5.833.333 |
| | | 1.470.000 | 7.303.333 |
| Fastafjármunir | | 221.363.282 | 300.528.785 |
| **Veltufjármunir:** | | | |
| Vörslusjóður vegna verkefna | | 164.019.215 | 180.926.491 |
| Viðskiptakröfur | 8 | 429.186.127 | 351.547.948 |
| Fyrirframgreiddur kostnaður | | 13.916.153 | 800.664 |
| Handbært fé | | 178.935.270 | 310.668.216 |
| Veltufjármunir | | 786.056.765 | 843.943.319 |
| **Eignir samtals** | | 1.007.420.047 | 1.144.472.104 |

# 31. desember 2015

## Eigið fé og skuldir

| | Skýr. | 31.12.2015 | 31.12.2014 |
|---|---|---|---|
| **Eigið fé:** | | | |
| Hlutafé | | 150.000.000 | 150.000.000 |
| Yfirverðsreikningur | | 4.948.160 | 4.948.160 |
| Óráðstafað eigið fé | | 127.979.344 | 98.845.875 |
| Eigið fé samtals | 9 | 282.927.504 | 253.794.035 |
| **Skuldbindingar:** | | | |
| Tekjuskattsskuldbinding | 10 | 14.943.117 | 12.572.764 |
| **Skammtímaskuldir:** | | | |
| Viðskiptaskuldir | | 47.172.512 | 53.472.073 |
| Fyrirfram innheimtar tekjur | | 326.985.532 | 499.984.263 |
| Vörslusjóður verkefna | | 159.423.627 | 173.359.709 |
| Aðrar skammtímaskuldir | | 175.967.754 | 151.289.259 |
| | | 709.549.425 | 878.105.304 |
| Skuldir og skuldbindingar samtals | | 724.492.542 | 890.678.068 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | | 1.007.420.047 | 1.144.472.104 |

# Yfirlit um sjóðstreymi fyrir árið 2015

| | Skýr. | 31.12.2015 | 31.12.2014 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar:** | | | |
| **Hreint veltufé frá rekstri:** | | | |
| Hagnaður ársins | | 29.133.470 | 26.447.068 |
| Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi: | | | |
| Afskriftir | 6 | 90.506.844 | 59.617.059 |
| Breyting á áunnu orlofi | | 10.641.537 | 6.692.100 |
| Framlag í afskriftareikn. viðskiptakrafna | | 0 | 1.833.333 |
| Breyting á lífeyrisskuldbindingu | | 4.065.343 | ( 3.524.759) |
| Breyting á tekjuskattsskuldbindingu | | 2.370.353 | 6.707.403 |
| | | 136.717.547 | 97.772.204 |
| **Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:** | | | |
| Viðskiptakröfur | | ( 85.159.732) | 74.195.787 |
| Vörslusjóður verkefna | | 16.907.276 | 367.403.728 |
| Aðrar skammtímakröfur | | 239.396 | 512.709 |
| **Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:** | | | |
| Viðskiptaskuldir | | ( 6.299.561) | 1.007.078 |
| Afskriftareikningur viðskiptakrafna | | ( 5.833.333) | 0 |
| Vörslusjóður verkefna | | ( 13.936.082) | ( 375.856.286) |
| Fyrirframinnheimtar tekjur | | ( 172.998.731) | 163.264.960 |
| Aðrar skammtímaskuldir | | 9.971.615 | 5.066.721 |
| **Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda** | | ( 257.109.152) | 235.594.697 |
| **Handbært fé frá rekstri** | | **( 120.391.605)** | **333.366.901** |
| **Fjárfestingarhreyfingar:** | | | |
| Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum | | ( 17.174.674) | ( 235.260.875) |
| Skuldabréfaeign breyting | | 5.833.333 | 0 |
| Söluverð eignarhluta í hlutdeildarfélögum | | 0 | 57.237 |
| Kaupverð eignarhluta í dótturfélögum | | 0 | ( 100.000) |
| **Fjárfestingarhreyfingar** | | **( 11.341.341)** | **( 235.303.638)** |
| **Fjármögnunarhreyfingar:** | | | |
| Leiðrétting vegna fyrra árs | | 0 | ( 90.786) |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | **0** | ( 90.786) |
| **Hækkun (lækkun) á handbæru fé** | | **( 131.732.946)** | **97.972.477** |
| **Handbært fé í ársbyrjun** | | 310.668.216 | 212.695.740 |
| **Handbært fé í lok tímabils** | | **178.935.270** | **310.668.216** |

# Skýringar

## Reikningsskilaaðferðir

### *Grundvöllur reikningsskilanna*

a. Ársreikningur Matís ohf. er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum. Hann byggir á upphaflegu kostnaðarverði.

### *Erlendir gjaldmiðlar*

b. Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru yfirfærð í íslenskar krónur á gengi viðskiptadags. Gengismunur peningalegra liða sem myndast við yfirfærslu í íslenskar krónur er færður í rekstrarreikning. Gengismunur vegna viðskipta í erlendum gjaldmiðlum er færður í rekstarreikning. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar miðað við gengi uppgjörsdags.

### *Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)*

c. Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) samanstanda af vaxtagjöldum, verðbótum og öðrum kostnaði vegna lána sem reiknuð eru miðað við virka vexti, vaxtatekjum af eignum og gengismun af erlendum gjaldmiðlum.

### *Innlausn tekna*

d. Tekjur af sölu eru færðar þegar varan hefur verið afhent og eignarréttur og ábyrgð flyst yfir á kaupanda. Tekjur af veittri þjónustu eru færðar í rekstrarreikning í hlutfalli við stöðu verks á uppgjörsdegi. Staða verks er metin með hliðsjón af vinnu sem lokið er. Tekjur eru ekki færðar ef veruleg óvissa er um innheimtu þeirra, tengdan kostnað eða að vörunni verði mögulega skilað.

### *Varanlegir rekstrarfjármunir*

e. Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum.

Þegar varanlegir rekstrarfjármunir eru samsettir úr einingum sem hafa mismunandi nýtingartíma eru einingarnar aðgreindar og færðar miða við mismunandi nýtingartíma.

Kostnaður vegna endurnýjunar á einstökum hlutum varanlegra rekstrarfjármuna er eignfærður sem varanlegur rekstrarfjármunur þegar hann fellur til, ef líklegt er að efnahagslegur ávinningur sem felst í eigninni muni renna til félagsins og hægt er að meta kostnaðinn á áreiðanlegan hátt. Allur annar kostnaður er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar til hans er stofnað.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan nýtingartíma einstakra varanlegra rekstrarfjármuna. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

| | |
|---|---|
| Rannsóknatæki | 3 - 5 ár |
| Áhöld og tæki | 3 - 4 ár |
| Innréttingar | 5 ár |

## Skýringar, frh.:

### *Eignarhlutir í dótturfélögum og öðrum félögum*

f. Eignarhlutir í dótturfélagi og öðrum félögum er eignfærðir á kaupverði.

### *Vörslusjóður vegna verkefna*

g. Vörslusjóður vegna verkefna er tilkominn vegna verkefnastjórnunar erlendra og innlendra verkefna. Staðan miðast við eftirstöðvar óráðstafaðra styrkfjárhæða að teknu tilliti til gengis.

### *Handbært fé*

h. Til handbærs fjár teljast óbundnar bankainnstæður.

### *Viðskiptakröfur og skammtímakröfur*

i. Viðskiptakröfur og skammtímakröfur eru færðar niður til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign félagsins en hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Annars vegar er um að ræða niðurfærslu vegna krafna sem sérstaklega hafa verið metnar í tapshættu og hins vegar niðurfærslu til að mæta almennri áhættu. Niðurfærslan er dregin frá viðkomandi liðum í efnahagsreikningi.

### *Tekjuskattsskuldbinding*

j. Tekjuskattsskuldbinding er reiknuð og færð í ársreikninginn. Útreikningur hennar byggist á mismun efnahagsliða samkvæmt skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi félagsins hins vegar. Mismunur efnahagsliða, sem þannig kemur fram, stafar af því að álagning tekjuskatts er miðuð við aðrar forsendur en reikningsskil félagsins og er þar í meginatriðum um að ræða tímabundinn mismun vegna þess að gjöld eru að jafnaði færð fyrr í skattuppgjöri en í ársreikningi. Frestuð skatteign er færð vegna tímabundinna mismuna ef líkur eru á að þeir nýtist á móti skattskyldum hagnaði í framtíðinni.

Tekjuskattur á hagnað eða tap ársins inniheldur bæði tekjuskatt til greiðslu og frestaðan tekjuskatt. Tekjuskattur er færður í rekstrarreikning nema að því marki að hann tengist liðum sem færðir eru beint á eigið fé, en þá er hann færður á eigið fé.

Tekjuskattur til greiðslu er áætlaður skattur ársins, miðað við gildandi skatthlutföll. Tekið er tillit til leiðréttinga vegna fyrri ára.

## Seld þjónusta:

| 1. Seld þjónusta greinist þannig: | **31.12.2015** | **31.12.2014** |
|---|---|---|
| Þjónustusamningur við Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti ................. | 421.800.000 | 397.800.000 |
| Erlendir sjóðir og fyrirtæki ............................................. | 526.463.506 | 503.153.053 |
| Innlendir sjóðir og opinberir aðilar ................................ | 296.592.556 | 277.459.698 |
| Innlend fyrirtæki og aðrar tekjur ..................................... | 339.873.699 | 251.676.183 |
| | 1.584.729.762 | 1.430.088.934 |

## Skýringar, frh.:

### *Laun og launatengd gjöld:*

2. Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

| | 31.12.2015 | 31.12.2014 |
|---|---|---|
| Laun | 706.501.765 | 647.886.341 |
| Launatengd gjöld | 168.493.778 | 149.403.227 |
| | 874.995.543 | 797.289.568 |
| Starfsmenn (meðalársgildi 2015) | 99,9 | 97,7 |
| Laun og launatengd gjöld stjórnar og forstjóra námu á árinu m.kr. | 27,6 | 26,2 |

### Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):

3. Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) greinast þannig:

| | 31.12.2015 | 31.12.2014 |
|---|---|---|
| Fjármunatatekjur | 4.033.089 | 4.616.089 |
| Fjármagnsgjöld | ( 405.904) | ( 1.081.387) |
| Gengismunur | ( 6.595.130) | 318.419 |
| | ( 2.967.945) | 3.853.121 |

### Hagnaðarhlutur:

4. Hagnaðarhlutur er hlutfall hagnaðar og vegins meðaltals hlutafjár á árinu:

| | | |
|---|---|---|
| Hreinn hagnaður (tap) | 29.133.470 | 26.447.068 |
| Vegið meðaltal fjölda hluta á tímabilinu | 150.000.000 | 150.000.000 |
| Hagnaðarhlutur | 0,19 | 0,18 |

### Óefnislegar eignir:

5. Óefnislegar eignir samanstanda af keyptum hugbúnaði og útlögðum kostnaði við að öðlast einkaleyfi.
Óefnislegar eignir greinast þannig:

| | Einkaleyfi | Hugbúnaður | Samtals |
|---|---|---|---|
| Heildarverð í byrjun árs | 213.537 | 9.166.545 | 9.380.082 |
| Heildarverð í lok árs | 213.537 | 9.166.545 | 9.380.082 |
| Afskrifað í byrjun árs | 213.537 | 6.133.652 | 6.347.189 |
| Afskrifað á árinu | 0 | 1.725.901 | 1.725.901 |
| Afskrifað í lok árs | 213.537 | 7.859.553 | 8.073.090 |
| Bókfært verð í lok árs | 0 | 1.306.992 | 1.306.992 |
| Afskriftahlutföll | 25% | 20% | |

## Skýringar, frh.:

### Varanlegir rekstrarfjármunir:

6. Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

| | Rannsóknartæki | Innréttingar | Áhöld og tæki | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| Heildarverð í byrjun árs ..................... | 609.861.732 | 8.248.305 | 5.802.639 | 623.912.676 |
| Keypt á árinu .................................. | 14.936.483 | 0 | 2.238.190 | 17.174.673 |
| Heildarverð í lok árs .......................... | 624.798.215 | 8.248.305 | 8.040.829 | 641.087.349 |
| Afskrifað í byrjun árs ......................... | 326.576.121 | 3.170.415 | 3.973.580 | 333.720.116 |
| Afskrifað á árinu ............................... | 85.892.367 | 1.649.661 | 1.238.903 | 88.780.931 |
| Afskrifað í lok árs .............................. | 412.468.488 | 4.820.076 | 5.212.483 | 422.501.047 |
| Bókfært verð í lok árs ........................ | 212.329.727 | 3.428.229 | 2.828.346 | 218.586.302 |
| Afskriftahlutföll ................................ | 20-30% | 20% | 20-30% | |

7. Afskriftir greinast þannig:

| | |
|---|---|
| Óefnislegar eignir ......................................................... | 1.725.901 |
| Varanlegir rekstrarfjármunir ........................................... | 88.780.931 |
| | 90.506.832 |

### *Fasteignarmat og vátryggingaverð*

Vátryggingarverð varanlegra rekstrarfjármuna í árslok 2015 nam eftirtöldum fjárhæðum:

| | |
|---|---|
| Vátryggingarverð varanlegra rekstrarfjármuna ............... | 866.647.000 |

### *Viðskiptakröfur:*

| | |
|---|---|
| 8. Viðskiptakröfur vegna verkefna ....................................... | 299.857.253 |
| Erlendir viðskiptamenn .................................................. | 23.168.392 |
| Einstaklingar ................................................................. | 261.526 |
| Almennar viðskiptakröfur ............................................... | 105.463.275 |
| Tengdir aðilar ................................................................ | 435.681 |
| | 429.186.127 |

### Eigið fé:

9. Heildarhlutafé félagsins samkvæmt samþykktum þess er 150 millj. kr og er það allt í eigu ríkissjóðs. Eitt atkvæði fylgir hverjum einnar krónu hlut í félaginu.

Yfirlit um breytingar á eigin fé:

| | Hlutafé | Yfirverðs-reikningur | Annað eigið fé | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| Eigið fé í byrjun árs ............................ | 150.000.000 | 4.948.160 | 98.845.875 | 253.794.035 |
| Rekstrarhagnaður ársins ................... | 0 | 0 | 29.133.470 | 29.133.470 |
| Eigið fé í lok árs ..... | 150.000.000 | 4.948.160 | 127.979.344 | 282.927.504 |

## Skýringar, frh.:

### Skuldbindingar

#### *Tekjuskattsskuldbinding:*

10. Tekjuskattsskuldbinding félagsins greinist þannig:

| | |
|---|---|
| Tekjuskattsskuldbinding í ársbyrjun | 12.572.764 |
| Reiknaður tekjuskattur ársins | 7.287.818 |
| Tekjuskattur til greiðslu | ( 4.917.465) |
| Tekjuskattsskuldbinding í lok árs | 14.943.117 |

Tekjuskattsskuldbinding félagsins skiptist á eftirfarandi liði í efnahagsreikningi:

| | |
|---|---|
| Varanlegir rekstrarfjármunir | 11.381.420 |
| Viðskiptakröfur | 4.419.820 |
| Dreifing gengismunar skv. skattalögum | ( 858.123) |
| Tekjuskattsskuldbinding í lok árs | 14.943.117 |